

S T Ó M A S A M T Ö K I N

Í nóvember 1977 myndaði hópur áhugafólks óformleg samtök, sem nefndust "Stómahópurinn". Tilgangurinn var að stuðla í hvivetna að velferð fólks, sem gengist hafði undir colostomy-, ileostomy- og urostomy-aðgerðir. Stómaaðgerðir eru gerðar vegna bráðasjúkdóma, æxla, áverka, lömunar, meðfæddra galla o.fl. ástæðna. Nokkuð á annað hundrað manns hér á landi gengur með stómiur.

Stómasamtökin voru stofnuð upp úr Stómahópnum þann 16. október 1980. Samtökin eru landsfélag með aðsetri í Reykjavík. Félagar geta allir orðið, sem gengist hafa undir stómaaðgerð, svo og vel-unnarar þessa fólks. Nú þegar hafa um 40 manns úr öllum landshlutum gengið formlega í Stómasamtökin.

Eins og fram kemur í lögum Stómasamtakanna er einkum stuðlað að velferð stómafólks með því:

1. Að vinna að kynningu á málefnum þessa fólks.
2. Að stuðla að fræðslustarfsemi og miðlun upplýsinga um stóma-aðgerðir og viðeigandi hjálpartækji.
3. Að beita sér fyrir því að hentug hjálpartæki séu ætið á boðstólum.
4. Að efla samstarf við lækna, hjúkrunarfólk, sjúkrahús og líknarstofnanir.
5. Að stofna til samskipta við erlend stómasamtök.

Í könnun sem nemendur á námsbraut í hjúkrunarfræði í Háskóla Íslands gerðu í vetur á högum fólks, er gengist hefur undir stóma-aðgerðir, kemur glögglega í ljós tilfinnanlegur skortur á upplýsingum og leiðbeiningum, einkum fyrst eftir aðgerð, meðan fólk er að aðlaga sig breyttum aðstæðum.

Í samráði við stómafólk og fleiri aðila var stofnuð Hjálpartækja- og leiðbeiningadeild í Hjálpartækjabanka Rauðakross Íslands og Sjálfssbjargar, Nóatúni 21 í Reykjavík, í ágúst 1980. Nú í fyrsta skipti er hægt að fá allar gerðir stómavara og leiðbeiningar um notkun þeirra á sama stað, en hjúkrunarfræðingur er þar til viðtals tvisvar í viku. Hér er því um miklar og kærkomnar framfarir að ræða.

Um þessar mundir eru Stómasamtökin að ganga í alþjóðasamtök stómafólks - International Ostomy Association - en þau voru stofnuð 1975. Eitt af meginverkefnum stjórnar Stómasamtakanna í vetur hefur verið að skipuleggja og koma á heimsóknarþjónustu í samráði við lækna og hjúkrunarfólk. Þannig verður öllum, sem gangast undir stómaaðgerðir, gefinn kostur á að fá aðila með stóma í heimsókn á sjúkrahús, fyrir eða eftir aðgerð.

Margvisleg verkefni eru framundan.

Póstfang samtakanna er:

STÓMASAMTÖKIN
Suðurgötu 22
Pósthólf 523
121 Reykjavík.